

Aðalfundur 2025

Þriðjudaginn 17. mars 2025 kl. 19:00

Haldinn í húsi Sportkafarafélags Íslands, Nauthólsvegi 102, Rvk.



1. Fundarsetning

Fundur er settur kl 19:00.

Mættir eru: Valdimar P. Halldórsson, Magnea Hilmarsdóttir, Herdís Þorvaldsdóttir, Sigurður Snorri, Erna Héðinsdóttir, Kristinn Magnússon, Árni Pálsson, Ragnar Borgþór Ragnarsson og Arnar Þorsteinsson.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Herdís kosin fundarstjóri, Valdimar kosinn fundarritari og var það samþykkt.

3. Skýrsla stjórnar

Herdís kynnir skýrslu stjórnar og bætir við að upp hefði komið atvik þar sem skipaumferð var ekki tilkynnt sem þarf að bæta í skýrsluna. Skýrsla stjórnar samþykkt.

4. Stjórn leggur fram skoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu

Lagður var fram skoðaður ársreikningur 2024 og farið yfir niðurstöður hans. Niðurstaða rekstrar ársins var jákvæð sem nemur kr. 174.875 og eigið fé í árslok var kr. 2.010.345. Ársreikningur samþykktur.

5. Umræður um skýrslu og reikninga

Rætt var um að taka þarf á málum í samvinnu við Faxaflóahafnir varðandi skipaumferð í sundinu Synt út í Viðey, þar sem 2 ár í röð hafa komið upp tilvik. Árið 2023 varð að fresta sundinu um 2 klst. vegna skipaumferðar, en þrátt fyrir það fór stórt flutningaskip af stað rétt eftir að sundið hófst og árið 2024 var það bara fyrir slysi sem fréttist af skipaumferð um það bil þegar sundið var að hefjast og sundmenn stóðu því tilbúnir á sundskýlunni í fjörunni við Skarfaklett og biðu þar í 20 mínútur.

6. Kosning formanns

Herdís Anna Þorvaldsdóttir var kosin til 2ja ára á síðasta aðalfundi.

7. Kosning stjórnar og varastjórnar – 4 í stjórn og 2 í varastjórn

Stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn.

Erna Héðinsdóttir og Valdimar P. Halldórsson voru kosin til 2ja ára á síðasta aðalfundi.

Ingibjörg Ingvadóttir og Magnea Hilmarsdóttir viku úr stjórn.

Árni Pálsson og Kristinn Magnússon gáfu kost á sér í stjórn til 2ja ára og hlutu kosningu.

Ingibjörg Ingvadóttir og Magnea Hilmarsdóttir gáfu kost á sér í varastjórn og hlutu kosningu.

8. Kosning félagslegra skoðunarmanna – 2 skoðunarmenn

Heiðrún Hauksdóttir og María Bára Jónatansdóttir voru endurkjörnar.

9. Önnur mál

Kosning í sjóviðburðanefnd - sér um að skipuleggja hefðbundin sund:

Valdimar var kosinn formaður sjóviðburðarnefndar. Aðrir eru Arnar Þorsteinsson., Birna Björnsdóttir, Heiða Mjöll Stefánsdóttir, Hinrik Ólafsson, Ingibjörg Ingvadóttir, Magnea Hilmarsdóttir og Sigurður Snorri Kristjánsson.

Kosning í skemmtilegu nefndina - sér um ýmsa aðra skemmtilega viðburði:

Í skemmtilegu nefndina voru kosnar Berit G Kristjánsdóttir, María Bára Jónatansdóttir og Aðalbjörg Sif Kristinsdóttir.

Kosning gjaldkera:

Erna Héðinsdóttir býður sig fram til gjaldkera og er kosin.

Ákvörðun félagsgjalda:

Félagsgjöld eru ákveðin óbreytt 6.900 kr á hvern félagsmann árið 2025.

Fossvogssund frítt fyrir félagsmenn en 7000 kr fyrir aðra.

Synt til Viðeyjar 2500 kr fyrir félagsmenn en 10.000 kr fyrir aðra.

Gjöld fyrir Víðavatnssund og aðra viðburði verður tekið fyrir á sér fundi.

Herdís ætlar að athuga með styrktaraðila fyrir Synt til Viðeyjar því borgin ætlar að byrja að rukka í sund eftir viðburð.

Fundi slitið kl 20:09.

Fyrir hönd stjórnar SJÓR Sund- og sjóbaðsfélags Reykjavíkur
Reykjavík 17.03.2025